

## Tillaga laganefndar og stjórnar Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra að lagabreytingum fyrir landsfund 30. apríl 2022 ásamt skýringum

Núverandi lög Sjálfsbjargar	Tillögur að breytingum	Skýringar og forsendur
<p><b>1. gr. Nafn, heimili og aðild</b></p> <p>Nafn samtakanna er Sjálfsbjörg landssamband hreyfihamlaðra, hér eftir nefnt Sjálfsbjörg.</p> <p><b>Samtökin eru mynduð af aðildarfélögum víða um land.</b></p> <p>Heimili og varnarþing Sjálfsbjargar er í Reykjavík.</p> <p><b>Sjálfsbjörg á aðild að Öryrkjabandalagi Íslands.</b></p> <p><b>Sjálfsbjörg á aðild að Nordiska Handikappförbundet.</b></p> <p>Sjálfsbjörg getur átt aðild að samtökum, innlendum eða erlendum samkvæmt tillögu stjórnar og þarf slík tillaga að hljóta samþykki landsfundar til að öðlast gildi</p>	<p>Ný 2. mgr. hljóðar svo: Samtökin eru frjáls félagasamtök, nánar tiltekið félagasamband myndað af aðildarfélögum víða um land og skráð sem félagasamtök í Fyrirtækjaskrá.</p> <p>Núverandi 4. og 5. mgr. felldar brott.</p> <p>Ný 4. mgr. Samtökin eru sjálfstæður lögaðili. Aðilar að samtökunum bera ekki persónulega ábyrgð á skuldum og öðrum skuldbindingum samtakanna nema með félagsgjaldi sínu.</p> <p>Ný 5. mgr.: Stjórn valin af landsfundi ber ábyrgð á starfsemi Sjálfsbjargar.</p> <p>Ný 6. mgr.: Skrifstofa Sjálfsbjargar fer með daglegan rekstur samtakanna á ábyrgð stjórnar. Framkvæmdastjóri ráðinn af stjórn stýrir skrifstofu samtakanna undir eftirliti og á ábyrgð stjórnar.</p>	<p>Hér eru lagðar til breytingar í 2. mgr. og nýjum 4., 5. og 6. mgr. skýringar og fyllingar um eðli samtakanna sem eru lýðræðislegt félagasamband, aðild að þeim, hlutverk stjórnar, framkvæmdastjóra og skrifstofu. Samtökin eru sjálfstæður lögaðili þar sem aðildarfélögin bera ekki persónulega ábyrgð á skuldbindingum samtakanna, eins og lagt er til að þarna verði áréttað í nýrri 4. mgr. Breytingarnar fela ekki í sér efnislega breytingar skipulagi og stöðu samtakanna.</p> <p>Sjálfsbjörg er samband félaga eða svokallað félagasamband, eins og það er skilgreint í 1. mgr. 18. gr. nýrra laga nr. 110/2021 um félög til almannaheilla en það hljóðar svo: „Í samþykktum félags má kveða á um að aðilar að félaginu séu annað hvort einungis félög eða bæði einstakir félagsmenn og félög. Í tillögum þessum er lagt til í 4. gr. að einstaklingsaðild að Sjálfsbjörg verði afnumin, sjá nánar tillöguna og skýringar þar.</p> <p>Varðandi tillögu um brottfall 4. og 5. mgr. þá kemur í síðustu málsgrein kvæðisins fram að Sjálfsbjörg getur átt aðild að samtökum innlendum sem erlendum með samþykki landsfundar. Ekki þykir þörf á að tilgreina einhver sérstaklega í 1. gr. að Sjálfsbjörg á aðild Öryrkjabandalagi Ísland og Nordiska Handikappförbund og því er lagt til að ákvæðin falli brott.</p>
<p><b>2. grein</b></p> <p><b>Markmið og Hlutverk</b></p> <p>Hlutverk Sjálfsbjargar er að vinna að fullkominni þátttöku og jafnrétti hreyfihamlaðs fólks á Íslandi og eftir</p>	<p>E-liður hljóði svo:</p> <p>e. Að reka í sérstöku félagi sérhæfða heilbrigðisstarfsemi á sviði endurhæfingar í</p>	<p>Lagðar eru til breytingar ákvæði laganna um Sjálfsbjargarheimilið, skipulag þess og stjórn. Brýnt er orðið að endurskoða skipulag Sjálfsbjargarheimilisins eins og fram kemur m.a. í skýrslu frá maí 2021 sem Hrönn Pétursdóttur stjórnsýslufræðingur MBA vann að beiðni</p>

<p>atvikum annarra fatlaðra og gæta réttinda og hagsmuna þess. Sérstaklega skal unnið að því að tryggja hreyfihömluðum félagsmönnum sem öðrum aðgengi að mannvirkjum, umhverfi, menntun, atvinnu og upplýsingum. Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks er leiðarljós í vinnu Sjálfsbjargar. Helstu verkefni sem tengjast hlutverki Sjálfsbjargar eru:</p> <p>a. Að fræða, valdefla og styðja hreyfihamlað fólk um allt er varðar stöðu þess í samfélaginu, meðal annars í samstarfi við aðildarfélög Sjálfsbjargar.</p> <p>b. Að hafa áhrif á löggjafarvaldið, ríkis- og sveitarstjórnir, hagsmunasamtök og einstaklinga um þau mál sem varða hagsmuni hreyfihamlaðs fólks.</p> <p>c. Að vekja athygli almennings á málefnum hreyfihamlaðs fólks með útgáfu- og kynningarstarfsemi.</p> <p>d. Að hafa samstarf við hliðstæð félög, innlend og erlend.</p> <p>e. Að reka í sjálfstæðu félagi með þjónustusamningi við opinbera aðila eða aðra, hjúkrunar- og endurhæfingu Sjálfsbjargar, og þar undir eru tengdar rekstrareiningar eins og Þjónustumiðstöð Sjálfsbjargar og Þekkingarmiðstöð Sjálfsbjargar.</p>	<p>skilningi laga nr. 40/2007 um heilbrigðisþjónustu, sem veitir þverfaglega einstaklingsmiðaða endurhæfingu fyrir hreyfihamlaða einstaklinga, sem glíma við tauga- og heilaskaða, í samræmi við samþykktir um reksturinn sem stjórn Sjálfsbjargar setur að tillögu stjórnar heilbrigðisþjónustufélagsins.</p> <p>Stjórn félagsins skal skipuð fimm aðalmönnum og tveimur til vara þar sem tryggja skal nauðsynlega og fjölbreytta þekkingu innan stjórnar á stöðu hreyfihamlaðra, á sviði heilbrigðisþjónustu og/eða endurhæfingar og fjárhagslegum rekstri (fjármálum). Tveir stjórnarmanna og einn varamaður skulu kosnir af landsfundi í samræmi við ákvæði c-liðar 13. gr. Aðrir stjórnarmenn skulu tilnefndir af stjórn Sjálfsbjargar á fyrsta stjórnarfundum eftir landsfund. Formaður stjórnar Sjálfsbjargar skal þá án tafar hlutast til um boðun stjórnarfundar félagsins þar sem stjórnin skiptir m.a. með sér verkum og kýs a.m.k. formann og varaformann, Óheimilt er að fleiri en tveir stjórnarmenn í Sjálfsbjörg taki jafnframt sæti í stjórn félagsins.</p> <p>Fjárreiðum og reikningshaldi félagsins skal haldið aðskildu frá öðru bókhaldi og eignum Sjálfsbjargar. Tekjum og eignum félagsins má einvörðungu verja í þágu starfsemi þess.</p>	<p>stjórnar um Stjórnskipulag Sjálfsbjargar og Sjálfsbjargarheimilisins. Í skýrslu hennar segir m.a. bls. 8: „... er mikilvægt að skoða stjórnskipulag Sjálfsbjargar út frá því, ekki síst þar sem líklegt er að ríkið muni gera kröfu á SBH sökum lagalegs umhverfis starfseminnar og við fjárframlög ríkisins. Fyrir utan slíkar utanaðkomandi kvaðir þá er það síðan hagur félagsins að þeir aðilar sem sitja í stjórn, eða stjórnin sem slíka hafi, til að bera þá færni og hæfni sem þarf til að stýra starfseminni sem best. Slíkt er jafnframt hagur einstaklinganna sem sitja í stjórninni, þar sem hægt er að draga þá til ábyrgðar ef eitthvað misferst.“</p> <p>Einnig er litið opinberra umræðu um rekstur félagasamtaka á heilbrigðisþjónustu og m.a. til hlutaúttektar landlæknis í nóvember 2019 á Reykjalundi þar sem meðal ábendinga er: "Tryggja að stjórnir frjálsra félagasamtaka, í þessu tilviki SÍBS, sem eru á samningi við SÍ um veitingu heilbrigðisþjónustu hlutist ekki til um faglegan rekstur slíkra stofnana. Slíkt má skilyrða í samningi við SÍ." Sjá hér: <a href="https://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item38271/Reykjalundur%20-%20hluta%C3%BAttekt_Embaettilandlaeknis_Nov2019.pdf">https://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item38271/Reykjalundur%20-%20hluta%C3%BAttekt_Embaettilandlaeknis_Nov2019.pdf</a></p> <p>Tillagan um breyttan e-lið 2. gr. er sett fram til að mæta þessum ábendingum, styrkja samningsstöðu félagsins um opinberar fjárveitingar og kröfum í löggjöf s.s. um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007, um opinbera fjármál nr. 123/2015 og um sjúkratryggingar nr. 112/2008. Hér er áréttuð sérstök staða reksturs endurhæfingarstarfsemi Sjálfsbjargar, Sjálfsbjargarheimilisins, sem stofnað var árið 1973 undir sérstakri kennitölu og sem er skráð sem félagasamtök hjá Fyrirtækjaskrá.</p> <p>Félagið hefur í áratugi rekið atvinnustarfi á sviði heilbrigðisþjónustu á grundvelli opinberra fjármuna. Þessi starfsemi er annars eðlis en félagsstarfið í Sjálfsbjörg og um hana gilda eðli máls og lögum samkvæmt aðrar og strangari kröfur en um félagshlutann, s.s. samkvæmt lögum um meðferð opinberra fjármuna og heilbrigðisþjónustu.</p> <p>Til að tryggja faglega skipan stjórnar og nauðsynlega þekkingu innan hennar í samræmi við þá starfsemi sem félagið rekur. Nánar tiltekið sérþekkingu m.a. á sviði endurhæfingar og fjármála, eru lagðar til til breytingar á skipan stjórnar félagsins sem starfar í umboði Sjálfsbjargar. Annars vegar er gert ráð fyrir að landsfundur velji tvo stjórnarmenn og hins vegar velji stjórn Sjálfsbjargar þrjá.</p>
---	---	--

		<p>Þá eru lagðar til skýrari reglur um rekstrarlegt og stjórnunarlegt sjálfstæði félagsins gagnvart sambandinu og faglega stjórnun þess og heilbrigðisstarfseminnar sem það rekur. Þess vegna er gert ráð fyrir að óheimilt sé að fleiri en tveir stjórnarmenn í Sjálfsbjörg sitji jafnframt í stjórn félagsins. Og sömuleiðis að fjárreiðum og reikningshaldi félagsins skuli alfarið haldið aðskildu rekstri Sjálfsbjargar og tekjum og eignum félagsins eingöngu varið í þágu starfsemi þess.</p> <p>Hér er einnig höfð hliðsjón af 2. mgr. 22. gr. laga um félög til almannaheilla:</p> <p>„Hafi félag með höndum verulegan atvinnurekstur skal halda fjárreiðum og reikningshaldi varðandi þann rekstur aðskildu frá öðru bókhaldi og eignum félagsins. Sé félag í tengslum við atvinnufyrirtæki samkvæmt samþykktum sínum eða samningi skal þess getið í ársreikningi eða skýringum við hann.“</p> <p>Lagt er til í lok 1. mgr. e-liðar að áréttað verði að stjórn Sjálfsbjargar setji félaginu reglur eða samþykktir að tillögu stjórnar félagsins. Þetta er í samræmi við þá skipan sem verið hefur, þ.e. að stjórn setur nánari reglur um starfsemi og skipulag félagsins, en um starfsemina gildir nú skipulagsskrá sem stjórn Sjálfsbjargarheimilisins samþykkti 5. mars 1997. Rétt þykir í ljósi þess að um dótturfélag samtakanna er að ræða að stjórn samtakanna staðfesti samþykktirnar sem stjórn félagsins geri tillögu um. Þannig er gert ráð fyrir að sjálfstæðri fagstjórn félagsins. sem ber ábyrgð á faglegum rekstri félagsins og heilbrigðisþjónustunnar sem það veitir og mótar stefnu þess, tillögur að samþykktum en staðfesting og samþykkt reglnanna um félagið sé á valdsviði stjórnar Sjálfsbjargar.</p>
<p><b>3. grein</b>  <b>Félagar í aðildarfélögum Sjálfsbjargar</b></p> <p>Félagar í aðildarfélögum Sjálfsbjargar eru hreyfihamlaðir einstaklingar, og aðrir fatlaðir eða ófatlaðir einstaklingar sem óska eftir að gerast félagar <b>og/eða vilja styðja við félagsskapinn</b>. Með kjörgengi og</p>	<p>Lokaorðin í 1. málslíð „og/eða vilja styðja við félagsskapinn“falli brott og 1. málsl. hljóði svo:</p> <p>Félagar í aðildarfélögum Sjálfsbjargar eru hreyfihamlaðir einstaklingar, og aðrir fatlaðir eða ófatlaðir einstaklingar sem óska eftir að gerast félagar</p>	<p>Hér er kveðið á um félagsaðild að aðildarfélögum Sjálfsbjargar þar sem fram kemur að þeir eru hreyfihamlaðir einstaklingar, og aðrir fatlaðir eða ófatlaðir einstaklingar sem óska eftir að gerast félagar og/eða vilja styðja við félagsskapinn. Seinni hluti málsliðsins getur verið til þess fallinn að valda vafa um félagsaðild, þ.e. hvort fjárhagslegir styrktaraðilar geti talist félagsmenn í skilningi ákvæðisins. Mikilvægt er skýrlega sé greint á milli félagsmanna sem njóta félagsréttinda, s.s. atkvæðisréttar og kjörgengis, og svo styrktaraðila sem ekki hafa gengið inn í aðildarfélag. Því er lagt til að seinni hluti málsliðarins falli brott, nánar tiltekið orðin: <b>og/eða vilja</b></p>

<p>kosningarétt á landsfundi Sjálfsbjargar fara þeir félagsmenn sem voru kjörnir fulltrúar á félagsfundum aðildarféлага og eru orðnir 16 ára á degi landsfundar. Aðeins hreyfihamlaðir félagar geta setið í stjórn Sjálfsbjargar.</p>	<p>2. másl. hljóði svo: Með kosningarétt á landsfundi og kjörgengi í önnur embætti en stjórnarstörf fara þeir félagsmenn sem voru kjörnir fulltrúar á félagsfundum aðildarféлага og voru orðnir 16 ára á degi landsfundar.</p> <p>3. másl. hljóði svo: Aðeins hreyfihamlaðir félagar geta setið í stjórn Sjálfsbjargar og þurfa þeir að vera orðnir 18 ára á degi landsfundar.</p>	<p><del>styðja við félagsskapinn.</del> Sbr. en fremur ákvæði 1. mgr. 18. gr. laganna þar sem skýr greinarmunur er gerður á fram ögum frá almennum félögum Sjálfsbjargar og styrktaraðilum þannig að ljóst má vera að ekki er heimilt að telja styrktaraðila til félagsmanna nema þeir gangi til liðs við félagið að fullu upplýstir um réttindi og skyldur sem því fylgja. Sá munur er enn fremur á styrktarframlögum og félagsgjöldum að þau fyrrnefndu eru frádráttarbær sem framlag til almannaheillastarfsemi samkvæmt nýjum lögum um breytingu á skattalögum nr. 32/2021 en Sjálfsbjörg var skráð í desember sl. á Almannaheillaskrá skattsins samkvæmt lögunum. Það gildir hins vegar ekki um félagsgjöld.</p> <p>Í 2. málslið er til samræmis við reglu b-liðar 10. gr. og í þágu skýrleika lagt til að bæta við „félags“ við orðið „fundum“ aðildarfélaganna. Í b-lið 10. gr. segir kosning fulltrúanna fer fram á „félagsfundi“ aðildarfélaganna. Þannig er ljóst að val á fulltrúum aðildarféлага á landsfund Sjálfsbjargar fer fram á æðsta vettvangi aðildarfélaganna, þ.e. félagsfundi þeirra, og þá almennt á aðalfundi má reikna með.</p> <p>Hér er einnig lögð til sú breyting að kjörnir fulltrúar aðildarfélaganna á landsfundi þurfi að hafa náð 18 ára aldri til að vera kjörgengir í stjórn Sjálfsbjargar og í samræmi við það gerðar breytingar á 2. og 3. másl. 3. gr. Hér er höfð hliðsjón af ófrávíkjanlegri kröfu 5. mgr. 19. gr. nýrra laga nr. 110/2021 um félög til almannaheilla um að stjórnarmenn skulu vera lögráða. Þeirri reglu til grundvallar liggur sú ríka ábyrgð sem hvílir á stjórnarmönnum á rekstri og fjárreiðum samtaka. Eins og bent er á í athugasemdum frumvarps um greinina getur þetta þó verið tilefni fyrir félög sem vinna að málefnum ungmenna að huga að því hvernig veita má ungmennum yngri en 18 ára áhrif á starfsemi félagsins.</p> <p>Í tilviki Sjálfsbjargar er ekkert því til fyrirstöðu að ungmenni taki t.d. sæti í nefndum sem skipaðar eru á vettvangi félagsins, sbr. m.a. e-lið 13. gr. um skipan nefnda að tillögu stjórnar, sem ýmist eru skipaðar af stjórn eða landsfundi. Þá mætti hugsa sér að ungmenni gætu tekið sæti í kjörnefnd sem starfar skv. 8. gr. og kosið er í á landsfundi skv. c-lið 13. gr.</p>
---	--	---

<p><b>4. grein</b> <b>Aðild að Sjálfsbjörg landssambandi hreyfihamlaðra</b></p> <p>Aðild að Sjálfsbjörg hafa félög sem byggja á félagsaðild hreyfihamlaðs fólks og játaast undir þessi lög. Í félaginu þurfa að vera að lágmarki 10 félagar. Ekki getur verið nema eitt aðildarfélag í hverju bæjar- eða sveitarfélagi, en starfssvæði félags getur náð yfir fleira en eitt sveitarfélag. <del>Aðild einstaklinga af svæðum þar sem ekkert félag Sjálfsbjargar er starfsrækt er heimil og gerast þeir þá beinir félagar í Sjálfsbjörg eða velja sér aðild að tilteknu félagi.</del></p>	<p>Lokamálsliðurinn um aðild einstaklinga fellur brott.</p>	<p>Enginn einstaklingur er núna aðili að sambandinu og eins og lögum samtakann er háttað fylgir einstaklingsaðild hvorki atkvæðisréttur né kjörgengi. Ekki verður séð að þörf sé á einstaklingsaðild. Rétt þykir því að afnema heimild til einstaklingsaðildar og kveða skýrlega á um það að aðilar að samtökunum séu einungis félög og ekki einstaklingar. Samtökin séu hreint félagasamband, sbr. einnig breytingar sem lagðar eru til á 1. gr.</p>
<p><b>5. grein</b> <b>Inntaka aðildarfélaga</b></p> <p>Með inntökubeiðni hvers félags til Sjálfsbjargar skal fylgja afrit af lögum þess, ásamt upplýsingum um stjórn og skrá yfir félagsmenn. Landsfundur Sjálfsbjargar þarf að samþykkja inngönguna að tillögu stjórnar. Nýstofnað aðildarfélag er undanþegið árgjaldi til Sjálfsbjargar fyrsta árið.</p>		
<p><b>6. grein</b> <b>Skýrslur og gjald til Sjálfsbjargar</b></p> <p>Félögin skulu fyrir mars lok ár hvert senda stjórn Sjálfsbjargar skýrslu um starfsemi þeirra fyrir nýliðið ár, rekstrarreikning þess</p>	<p>Við 1. mgr. 6. gr. bætist við skylda aðildarfélaganna til að senda Sjálfsbjörg einnig lög þeirra hafi þeim verið breytt, nánar</p>	<p>Hér er lagt til að auk þeirra gagna sem í ákvæðinu er kveðið á um að aðildarfélagunum sé skylt að senda séu lög aðildarfélaganna hafi þeim verið breytt. Mikilvægt er að Sjálfsbjörg hafi einnig yfirsýn yfir lög og skipulag aðildarfélaganna, þ.á m. reglur þeirra um félagsaðild, sbr. enn fremur c-lið 7. gr. laganna þar sem fjallað er um skyldu aðildarfélaganna</p>

<p>árs, og fjárhagsstöðu í lok ársins, ásamt uppfærðu félagatali eins og það stóð 1. janúar sama ár.</p> <p>Félögin skulu halda aðalfund árlega og kjósa sér stjórn (lágmark þrjá stjórnarmenn) og skal tilkynning um stjórnarkjörið berast stjórn Sjálfsbjargar innan mánaðar frá aðalfundi félagsins.</p> <p>Árgjald aðildarfélaganna til Sjálfsbjargar er ákveðin upphæð á hvern féлага, og skal upphæðin ákvarðast á hverjum landsfundi Sjálfsbjargar fyrir næsta ár. Árgjaldið til Sjálfsbjargar skal greiðast fyrir lok marsmánaðar og miðað skal við tölu félagsmanna 1. janúar það ár.</p>	<p>tiltekið: „ásamt lögum félagsins hafi þeim verið breytt“.</p> <p>Ákvæðið hljóði svo: Félögin skulu fyrir mars lok ár hvert senda stjórn Sjálfsbjargar skýrslu um starfsemi þeirra fyrir nýliðið ár, rekstrarreikning þess árs, og fjárhagsstöðu í lok ársins, <b>ásamt lögum félagsins hafi þeim verið breytt og uppfærðu félagatali eins og það stóð 1. janúar sama ár.</b></p>	<p>til að starfa að málefnum hreyfihamlaðs fólks á sínu starfssvæði og starfa innan laga Sjálfsbjargar.</p>
<p><b>7. grein</b> <b>Nánar um aðildarfélög</b></p> <p>a. Í nafni aðildarfélags þarf að koma fram heitið Sjálfsbjörg og starfssvæði þess.</p> <p>b. Aðildarfélögunum er heimilt að starfrækja deildir innan síns starfssvæðis.</p> <p>c. Hvert aðildarfélag skal starfa að málefnum hreyfihamlaðs fólks á sínu starfssvæði. Að öðru leyti hafa félögin frjálssar hendur um sín innri mál og starf, en þurfa að starfa innan þessara laga Sjálfsbjargar ásamt samþykktum landsfunda þess og stjórnar. Þá þurfa þau að taka þátt í sameiginlegum verkefnum Sjálfsbjargar.</p>		

<p>d. Ef aðildarfélag hættir störfum er ekki heimilt að ráðstafa eignum þess án samráðs við stjórn Sjálfsbjargar.</p>		
<p><b>8. grein</b> <b>Kjörnefnd – framboð</b></p> <p>a. Á vegum Sjálfsbjargar skal ávallt starfa 5 manna kjörnefnd og skal hún kjörin á landsfundi. Hlutverk kjörnefndar er að auglýsa á vettvangi <b>samtakanna og taka á mótí framboðum og tryggja</b> að minnsta kosti sé einn frambjóðandi í hvert embætti er kjósa skal um á landsfundi sbr. 13. grein.</p> <p>b. Framboð til embætta sem kjósa á í á landsfundi ber að tilkynna til kjörnefndarmanns í síðasta lagi <b>7</b> vikum fyrir landsfund og skal það vera skriflegt og undirritað af frambjóðanda. Kjörnefnd skal ljúka störfum og kynna frambjóðendur á vefsíðu félagsins eigi síðar en <b>4</b> vikum fyrir landsfund.</p> <p>c. Kynning frambjóðenda skal a.m.k. innihalda nafn, aldur, heimili, netfang, símanúmer, <b>stutt ferilsskrá</b>, og mynd. Nöfn, netföng og símanúmer kjörnefndarmanna skulu tilgreind í fundarboði til landsfundar sem birt er á vefsíðu Sjálfsbjargar ásamt lista yfir nöfn þeirra sem gegna kjörnum embættum, hvenær hver var kjörinn fyrst í embættið og hvaða embætti eru til kjörs. Stjórn Sjálfsbjargar skal kalla kjörnefnd saman til starfa í síðasta lagi 1. febrúar ár hvert.</p>	<p>Ákvæði a liðar hljóði svo í samræmi við skýringar:</p> <p>Hlutverk kjörnefndar er að auglýsa á vettvangi samtakanna og taka á mótí <b>framboðum og ábendingum um einstaklinga í embætti</b>. <b>Kjörnefnd ber að tryggja</b> að minnsta kosti sé einn frambjóðandi í hvert embætti er kjósa skal um á landsfundi sbr. 13. grein.</p> <p>B-liður hljóði svo í samræmi við skýringar:</p> <p>Framboð til embætta sem kjósa á í á landsfundi ber að tilkynna til kjörnefndarmanns í síðasta lagi <b>4</b> vikum fyrir landsfund og skal það vera skriflegt og undirritað af frambjóðanda. Kjörnefnd skal ljúka störfum og kynna frambjóðendur á vefsíðu félagsins eigi síðar en <b>2</b> vikum fyrir landsfund. <b>Ef framboð í öll embætti hafa ekki borist innan tilgreindra fresta skal kjörnefnd gera tillögu að frambjóðendum í þau embætti</b>. Stjórn Sjálfsbjargar skal kalla kjörnefnd saman til starfa í síðasta lagi 1. febrúar ár hvert.</p>	<p>Hér eru gerðar tillögur að breytingum um hlutverk kjörnefndar, styttingu fresta til að tilkynna framboð og fyrir kjörnefnd að ljúka störfum og einnig afnámi afdráttarlausrar skyldu um að kynning frambjóðenda hafi að geyma ferilsskrá. Markmiðið er að léttu framboðsferlið, auka umræðu um val stjórnar í aðdraganda stjórnarkjörs og fjölga frambjóðendum til styrkja lýðræðislegan grundvöll samtakanna. Hér er einnig höfð hliðsjón af 2. málsl. 15. gr. laga nr. 110/2021 um félög til almannaheilla um að tryggja skuli öllum sem hafa rétt til áhrifa í félaginu tækifæri til að taka þátt í tilnefningum til framboðs.</p> <p>Við a-lið 8. gr. er því lagt til að því verði bætt við að hlutverk kjörnefndar sé einnig að taka við ábendingum um einstaklinga í embætti. Þannig áréttað í lögum félagsins að hægt sé að koma á framfæri við kjörnefnd ábendingum um einstaklinga í embætti.</p> <p>Í b-lið eru gerðar tillögur um skemmri frest til að tilkynna framboð til embætta sem kosið er um á landsfundi og fyrir kjörnefnd til að ljúka störfum. Gerð er tillaga um að framboð beri að tilkynna til kjörnefndarmanns í síðasta lagi 4 vikum fyrir landsfund og kjörnefnd skuli ljúka störfum eigi síðar en 2 vikum fyrir landsfund. Ekki er gert ráð fyrir að breyta 10 vikna fyrirvara til að boða landsfund samkvæmt 9. gr.</p> <p>Í b-lið er einnig lagt til að áréttuð sú skylda kjörnefndar að ef framboð hafa ekki borist í öll embætti innan tilgreindra fresta skuli kjörnefnd gera tillögu að frambjóðendum í þau embætti.</p> <p>Til samræmis er lagt til lokamálsliður c-liðar þess efnis að stjórn Sjálfsbjargar skuli kalla kjörnefnd saman til starfa í síðasta lagi 1. febrúar ár færast í b-liðinn og verði síðasti málsliðurinn þar.</p> <p>Í c-lið er gerð tillaga um að felld verði brott afdráttarlaus skylda um að kynning frambjóðenda skuli hafa að geyma ferilsskrá. Með því er frambjóðendum gefnar frjálsari hendur um kynningu á framboðum</p>



<p>d. Ef einungis eitt framboð er í embætti á landsfundi er viðkomandi sjálfkjörinn. Ef fleiri en eitt framboð er um embætti skal kosið milli þeirra á landsfundinum og hlýtur sá kjör sem fær flest atkvæði. Fjöldi atkvæða ræður hvort menn verða aðalmenn eða varamenn, nema ef ef varamenn skulu kosnir sérstaklega.</p>		<p>sínumi, s.s. hvað þeir kjósa að leggja áherslu á í kynningu á sér, s.s. varðandi sýn, stefnu og feril. Skylda til framlagningar „ferilskrár“ þykir í því sambandi of þröngur rammi og jafnvel geta verið letjandi.</p> <p>Kynningar á frambjóðendum sem hér um ræðir eru síðan settar inn á vefsíðu Sjálfsbjargar í aðdraganda landsfundar sbr. lokamálslið 9. gr. og j-lið 11. gr. en frambjóðendur geta síðan á landsfundinn eftir atvikum kynnt sig frekar undir liðnum kosningar, sbr. 13. gr.</p>
<p><b>9. grein</b> <b>Landsfundur – tími, staður og boðun</b></p> <p>Landsfundur Sjálfsbjargar fer með æðsta vald í málefnum samtakanna og skal halda hann árlega annað hvort í apríl eða maí mánuði, eftir ákvörðun stjórnar og velur stjórn fundarstað hverju sinni. Til landsfundar skal boða með minnst 10 vikna fyrirvara með netpósti til formanna félaga og birta á vefsíðu Sjálfsbjargar. Jafnframt skal opna svæði á vefsíðunni þar sem sett eru inn jöfnum höndum gögn landsfundar.</p>		
<p><b>10. grein</b> <b>Landsfundur – fulltrúar</b></p> <p>a. Landsfund Sjálfsbjargar sitja fulltrúar aðildarfélaganna, sem kosnir eru á lögmaetum félagsfundi. Hvert félag hefur rétt til að kjósa einn landsfundarfulltrúa fyrir hverja 40 félaga eða brot af 40. Þó hafa félög, sem í eru 40 félagar eða færri, rétt til að kjósa 2 fulltrúa á landsfundinn. Kosning</p>	<p><b>Tillaga á breytingu á a-lið:</b> Síðasti málsliður núverandi a-liðar hljóði svo: Kosning fulltrúa fari fram eftir félagatali eins og það stóð 1. janúar sama ár.</p> <p>Nýr c-liður hljóði svo:</p>	<p>Hér er lagt til að hér kveðið verði á um að við kosningu aðildarféлага á fulltrúum á landsfund verði miðað félagatal aðildarfélaganna eins og það stóð 1. janúar sama ár í stað orðalagsins að það fari fram eftir félagatali frá 1. janúar ár hver. Þetta þýðir að í síðasti lagi þarf að skrá félagsmenn í lok árs 31. desember til að þeir teljist með í félagaskránni eins og hún stendur 1. janúar. Þetta orðalag er skýrara en einhver vafamál hafa risið um skýringu á ákvæðinu og hvort miða megi við félagatalið síðar á árinu eða „frá“ 1. janúar. Mikilvægt er að þetta viðmið sé skýrt og ekki háð ólíkum túlkunum aðildarféлага. Þessi breyting er einnig í samræmi við lokamálslið 6. gr. um skil aðildarféлага á uppfærðu félagatali „eins og það stóð 1. janúar sama ár.“ Og líka þar sem segir í lok 3. málsliðar 6. gr. um</p>



<p>fulltrúa fari fram eftir félagatali frá 1. janúar ár hvert.</p> <p>b. Kosning fulltrúa og varafulltrúa á landsfund Sjálfsbjargar skal fara fram á félagsfundi aðildarfélags, skriflega og vera bundin við uppástungur. Fundurinn skal vera sannanlega boðaður með a.m.k. þriggja sólarhringa fyrirvara og skal kosninganna getið í fundarboði. Hver fulltrúi skal á landsfundi Sjálfsbjargar framvísa kjörbréfi undirrituðu af formanni og ritara aðildarfélags.</p> <p>Niðurstöðu kosningar fulltrúa aðildarfélags á landsfund Sjálfsbjargar skal tilkynna stjórn Sjálfsbjargar eigi síðar en 4 vikum fyrir landsfund Sjálfsbjargar.</p>	<p>Aldrei skal þó eitt aðildarfélag hafa fleiri fulltrúa á landi en þriðjung heildarfjölda aðalfundarfulltrúa.</p>	<p>árgjaldið til Sjálfsbjargar sem greiðist í lok marsmánaðar og miðar við tölu félagsmanna 1. janúar það ár.</p> <p>Þá er lagt til þak á fjölda fulltrúa aðildarfélags og lagt til að eitt aðildarfélag skuli aldrei hafa fleiri fulltrúa á landsfundi en þriðjung heildarfjölda þeirra. Umtalsverður munur er á fjölda félagsmanna í aðildarfélaginu á höfuðborgarsvæðinu og hinum aðildarfélögum Sjálfsbjargar á landsbyggðinni. Á síðasta landsfundi voru fulltrúar félagsins í Reykjavík samtals 18 en samtals fjöldi fulltrúa hinna 10 aðildarfélaganna sem mætt var fyrir var 17. Rétt þykir að jafna áhrifin í samtökunum og tryggja að eitt félag fari ekki með ráðandi áhrif og þá m.a. í þróunar á lögum samtakanna á liðnum árum, þar sem vægi formannafundar (áður sambandsstjórnar) hefur minnkað. Hér er einnig horft til svipað ákvæðis í lögum SÍBS, þ.e. greinar 5.4. „Aldrei skal þó eitt aðildarfélag hafa meira en þriðjung leyfðra aðalfundarfulltrúa.“ Sjá hér: <a href="https://sibs.is/um-sibs/log-og-stjornskipulag/">https://sibs.is/um-sibs/log-og-stjornskipulag/</a> Sótt 31. mars 2022</p>
<p><b>11. grein</b> <b>Landsfundur – framsetning efnis</b></p> <p>Stefnt skal að því að minnst 2 vikum fyrir landsfund Sjálfsbjargar (eða fyrr ef lög segja svo) skal eftirfarandi efni tengt landsfundinum vera komið inn á vefsíðu Sjálfsbjargar og uppfært eftir því sem nær dregur fundi:</p> <p>a. Drög að dagskrá landsfundar.</p> <p>b. Drög að skýrslu stjórnar.</p> <p>c. Drög að ársreikningi Sjálfsbjargar.</p>		

<p>d. Fjárhagsáætlun fyrir yfirstandandi ár og næsta ár.</p> <p>e. Tillaga að árgjaldi.</p> <p>f. Drög að starfsáætlun Sjálfsbjargar til 2 ára.</p> <p>g. Tillögur til lagabreytinga.</p> <p>h. Drög að ályktunum.</p> <p>i. Tillögur frá stjórn, nefndum, eða einstökum félögum.</p> <p>j. Kynningu á frambjóðendum sem eru í kjöri á landsfundinum.</p>		
<p><b>12. grein</b> <b>Landsfundur – dagskrá</b></p> <p>a. Stjórn Sjálfsbjargar gerir tillögu að dagskrá landsfundar og skal hún lögð fram og samþykkt í upphafi landsfundar. Eftirfarandi dagskrárliðir skulu a.m.k. vera á dagskrá allra landsfunda:</p> <p>a. Setning landsfundar.</p> <p>b. Inntaka nýrra aðildarfélaga.</p> <p><del>e. Inntaka nýrra félagsmanna með einstaklingsaðild (lagður fram nafnalisti).</del></p>	<p>C-liður fellur brott, sbr. breytingar á 4. gr.</p>	<p>Í samræmi við tillögu að breytingu á 4. gr. um brottfall heimildar til einstaklingsaðildar að Sjálfsbjörg er hér gert ráð fyrir brottfalli c-liðar um inntöku nýrra félagsmanna með einstaklingsaðild.</p>

<p>d. Skýrsla stjórnar fyrir síðasta almanaksár kynnt og rædd.</p> <p>e. Endurskoðaður ársreikningur Sjálfsbjargar fyrir síðasta ár kynntur, ræddur og afgreiddur.</p> <p>f. Skýrsla og ársreikningur hjúkrun og endurhæfingu Sjálfsbjargar fyrir síðasta ár kynnt.</p> <p>g. Fjárhagsáætlun fyrir yfirstandandi ár og næsta ár kynnt, rædd og afgreidd.</p> <p>h. Ákvörðun um árgjald.</p> <p>i. Ályktanir, stefnumál og baráttumál kynnt, rædd og afgreidd.</p> <p>j. Lagabreytingar kynntar, ræddar og afgreiddar.</p> <p>k. Kosningar.</p> <p>l. Önnur mál.</p> <p>m. Slit landsfundar.</p>	<p>F-liður hljóði svo: f. Skýrsla og ársreikningur heilbrigðisþjónustufélags Sjálfsbjargar, sbr. e-lið 2. gr., fyrir síðasta ár kynnt.</p> <p>Vegna niðurfellingar c-liðar uppfærast liðirnir á eftir og síðasti liðurinn verður l-liður</p>	<p>Í samræmi við tillögu að breytingu á e-lið 2. gr. er hér lögð til orðalagsbreyting á e-lið sem verður d-liður vegna niðurfellingar c-liðar</p>
<p><b>13. grein</b> <b>Landsfundur – kosningar</b></p> <p>Árlega skulu kosningar á landsfundi vera eins og hér segir í eftirfarandi embætti: <b>a. Formann stjórnar Sjálfsbjargar, gjaldkera,</b></p>	<p>A-liður hljóði svo: Formann stjórnar, gjaldkera og varamann skal kjósa til veggja ára sama árið.</p> <p>B-liður hljóði svo:</p>	<p>Vegna tillögu um fækkun stjórnarmanna Sjálfsbjargar úr sjö í fimm, sbr. breytingartillögur við b-lið 16. gr. hér á eftir eru hér gerðar tillögur til samræmis um breytingar á kosningu þeirra. Vegna þessara breytinga er gert ráð fyrir að þegar stjórn er kosin í fyrsta skipti eftir þessar breytingar verði öll fimm manna stjórnin kosin á sama landsfundi, formaður,</p>

<p>einn meðstjórnanda, og einn varamann skal kjósa til tveggja ára sama árið.</p> <p>b. Varaformann, ritara, tvo meðstjórnendur og einn varamann skal kjósa til tveggja ára hitt árið.</p> <p>c. Í kjörnefnd skulu tveir kjörnir annað árið og þrír hitt árið.</p> <p>e. Stjórn skal leggja til hvaða aðrar nefndir skulu starfa í Sjálfsbjörg hverju sinni, fjölda nefndarmanna, hvort stjórn skipar nefndarmenn eða hvort kjósa skal í þær til eins árs eða tveggja ára á landsfundi og hvort formann nefndar skal kjósa sérstaklega. Sama á við um fulltrúa Sjálfsbjargar í stjórn og nefndum sem Sjálfsbjörg tilnefnir fulltrúa í. Þetta skal kynnt á vefsíðu Sjálfsbjargar 4 vikum fyrir landsfund.</p> <p>f. Fulltrúar sem kosnir eru á landsfundi Sjálfsbjargar sem aðalmenn í stjórn og nefndir fyrir hönd eða á vegum Sjálfsbjargar, skulu ekki sitja í sömu stjórn eða nefnd lengur en 6 ár samfellt. Sá sem kosinn er formaður Sjálfsbjargar getur þó setið í 6 ár þrátt fyrir að hann hafi setið í stjórn Sjálfsbjargar í öðru embætti en formanns.</p>	<p>Varaformann, ritari og einn varamaður skal kjósa til tveggja ára hitt árið. Í fyrsta skipti sem fimm manna stjórn Sjálfsbjargar er kosin skulu þessir stjórnarmenn kosnir til eins árs.</p> <p>C-liður hljóði svo: Stjórnarmaður til tveggja ára og einn varamaður til eins árs í stjórn félagsins sem rekur endurhæfingarstarfsemi Sjálfsbjargar, sbr. e-lið 2. gr. Í fyrsta skipti skulu tveir stjórnarmenn kosnir, annar til tveggja ára og hinn til eins árs.</p>	<p>gjaldkeri og einn varamaður til tveggja ára og varaformaður, ritari og einn varamaður til eins árs.</p> <p>Nýr c-liður er í samræmi við breytingatillögur við e-lið 2. gr. og hér gert ráð fyrir að þeir tveir stjórnarmenn félagsins, sem rekur endurhæfingarstarfsemi Sjálfsbjargar, og varamaður þeirra, skuli með sama hætti stjórn Sjálfsbjargar kosnir til tveggja ára í senn og annað hvort ár. Í fyrsta skipti skulu báðir kosnir og varamaður þeirra, annar til tveggja ára og hinn og varamaðurinn til eins árs. Þetta er sama fyrirkomulag og gert er ráð fyrir við kosningu fyrstu fimm manna stjórnar Sjálfsbjargar, sbr. breytingartillögur við a- og b-lið yrði öll stjórnin kosin á sama fundi.</p>
<p><b>14. grein</b> <b>Landsfundur – lögmæti og fyrirkomulag</b></p> <p>a. Landsfundur er lögmætur, ef löglega er til hans boðað.</p>	<p>A-liður hljóði svo: Landsfundur skal hefjast á fundarsetningu og kjöri fundarstjóra og fundarritara sem ritar fundargerð. Þeir skulu fara yfir og staðfesta fundargerð með undirritun sinni.</p>	<p>Rétt þykir að kveða afdráttarlaust um kosningu fundarstjóra og fundarritara en það er í samræmi við hefðbundið verklag á landsfundum Sjálfsbjargar og eins og almennt gildir um félagsfundi í félögum. Hér er einnig horft til 5. mgr. 9. gr. laga nr. 110/2021 um félög til almannaheilla.</p>

<p>b. Kosning er lögmæt ef að lágmarki 2/3 landsfundarfulltrúa eru á fundi.</p> <p>c. Fulltrúar á landsfundi með kosningarétt geta aðeins verið félagsmenn samkvæmt félagatali sbr. 3. grein.</p> <p>d. Starfsmenn Sjálfsbjargar hafa málfrelsi og tillögurétt á landsfundi.</p> <p>e. Landsfundur getur samþykkt að veita einstaklingum heimild til að sitja landsfund sem áheyrnarfulltrúar, eftir atvikum með málfrelsi og tillögurétti.</p> <p>f. Allar kosningar á landsfundi Sjálfsbjargar skulu vera samkvæmt framkomnum tillögum og skriflegar.</p> <p>g. Á fundinum gilda almenn fundarsköp og ræður meirihluti greiddra atkvæða niðurstöðu nema um lagabreytingar þá þarf 2/3 greiddra atkvæða.</p>	<p>Núverandi a-liður verður b-liður og aðrir stafliðir ákvæðisins færast aftur í samræmi við það.</p> <p>Nýr h-liður hljóði svo: Sjálfsbjörg verður lögð niður með samþykki minnst 2/3 hluta greiddra atkvæða á Landsfundi. Verði Sjálfsbjörg lögð niður skulu eignir samtakanna renna til réttinda- og hagsmunamála hreyfihamlaðs fólks á Íslandi í samræmi við tilgang samtakanna og ákvörðun landsfundar.</p> <p>Nýr h-liður hljóði svo sem hljóðar svo: h. Stjórn getur ákveðið að fulltrúar á landsfundi geti tekið þátt í landsfundi rafrænt, þ.m.t. greitt atkvæði, án þess að vera á staðnum, enda séu notaðar aðferðir sem tryggja þáttöku fulltrúa og að þeir geti farið með réttindi sín á fundinum lögum samkvæmt.</p>	<p>Hér er gerð tillaga að nýjum h-lið um slit samtakana og ráðstöfun eigna við slit þeirra. Þessar breytingar eru gerðar að kröfu Skattsins vegna skráningar skráningar Sjálfsbjargar á almannaheillaskrá Skattsins samkvæmt lögum nr. 32/2021 um breytingum á skattalögum sem tóku gildi í nóvember 2021 og hafa að geyma skattalegar ívilnanir fyrir lögaðila sem starfa í þágu almannaheilla eins og Sjálfsbjörg. Skatturinn staðfesti skráningu Sjálfsbjargar á almannaheillaskrán en þar kom jafnframt fram að „Laga þarf núverandi samþykktir og setja inn skýrara ákvæði varðandi ráðstöfun eigna við slit félagsins „</p> <p>Hér er áréttuð heimild stjórnar til að ákveða að á fulltrúar á landsfundi geti tekið þátt með rafrænum hætti og greitt atkvæði. Það er á ábyrgð stjórnar að sjá til þess að búnaður og aðferðir sem notaðar eru tryggji að fulltrúi geti farið með réttindi sín á fundinum lögum samkvæmt, s.s. bæði málfrelsi og atkvæðisrétt.</p>
<p><b>15. grein</b> <b>Landsfundur – tillögur</b></p> <p>Álit, ályktanir og tillögur til lagabreytinga, er stjórn ætlar að leggja fyrir landsfund Sjálfsbjargar, skal birta á vefsíðu Sjálfsbjargar eigi síðar en 4 vikum fyrir landsfund.</p> <p>Mál þau og tillögur, er aðildarfélögin óska að verði tekin fyrir á landsfundi, skal senda stjórn eigi síðar en 4 vikum fyrir landsfund</p>		

<p>og skulu þær þá birtar á vefsíðu Sjálfsbjargar. Tillögur er varða fjárhags- og skipulagsbreytingar, skal þó senda stjórn 8 vikum fyrir landsfund. Stjórn skal kynna tillögur um fjárhags- og skipulagsbreytingar sem leggja á fyrir landsfund ásamt umsögn sinni 4 vikum fyrir landsfund á vefsíðu Sjálfsbjargar.</p>		
<p><b>16. grein</b> <b>Stjórn Sjálfsbjargar</b></p> <p>a. Stjórn stýrir starfsemi Sjálfsbjargar og annast málefni samtakanna á milli landsfunda og í umboði hans. Hún framkvæmir ákvarðanir sem landsfundur samþykkir hverju sinni.</p> <p>b. Stjórn skal skipuð <b>sjö</b> aðalmönnum og tveimur varamönnum. Formaður, varaformaður, gjaldkeri, og ritari eru kjörnir sérstaklega.</p> <p>c. Stjórn boðar til landsfundar Sjálfsbjargar, ákveður tímasetningu hans, staðsetningu og undirbýr hann.</p> <p>d. Stjórn heldur reglulega fundi að jafnaði mánaðarlega (utan júlí og ágúst mánaða) og er heimilt að fundarmenn sitji fundinn í gegnum fjarfundabúnað. Varamenn fá öll fundargögn send og er heimilt að sitja stjórnarfundum án atkvæðaréttar, en taka sæti stjórnarmanns ef forföll verða..</p>	<p>A-liður hljóði svo:</p> <p>a. Stjórn stýrir starfsemi Sjálfsbjargar og annast málefni samtakanna og <b>hefur eftirlit með rekstri þeirra</b> á milli landsfunda og í umboði hans <b>en ekki einstakra aðildarféлага</b>. Hún framkvæmir ákvarðanir sem landsfundur samþykkir hverju sinni <b>og skal hafa frumkvæði að mótun stefnu</b> Sjálfsbjargar. <b>Stjórn kemur fram út á við fyrir hönd samtakanna og ritara þess. Stjórn getur veitt meiri hluta stjórnarmanna heimild til ritunar firma samtakanna.</b></p> <p>Lokamálsliður a-liðar verður áður 1-liður 16. gr.</p> <p>Stjórn hefur umsjón með eignum Sjálfsbjargar og gætir hagsmuna félagsins á allan hátt.</p> <p>b. Stjórn skal skipuð <b>fimm</b> aðalmönnum og tveimur varamönnum. Formaður, varaformaður, gjaldkeri, <b>og ritari</b> <b>meðstjórnandi sem allir skulu</b> kjörnir sérstaklega. <b>Stjórn skal setja sér starfsreglur.</b></p>	<p>Hér eru m.a. lagðar til fyllri reglur um hlutverk og skyldur stjórnar. Ekki er um efnisbreytingar að ræða hvað varðar hlutverk og skyldur stjórnar en þessi ákvæði eru í samræmi við framkvæmd innan samtakanna og meginreglur félagaréttar um hlutverk stjórnar og ábyrgð í lýðræðislegum félögum og lög nr. 110/2021 um félög til almannaheilla, sbr. 2. mgr. 19. gr. þeirra. Hér er einnig höfð hliðsjón af lagabreytingartillögu Sævars Guðjónssonar og Grétars Péturs Geirssonar um að í g-lið 13. gr. um landsfundi segi: „Stjórnarmenn sitja í umboði landsfundar en ekki einstakra aðildarféлага.“ Nýjar reglur er hins vegar lagðar til um aðra félagsfundi eða en landsfundi í j-lið og m.a. að stjórn beri að kröfu minnst þriðjungs formanna að boða til almenns félagsfundar í þeim tilgangi að taka ákveðið mál til meðferðar.</p> <p>Í a-lið 16. gr. er tiltekið að stjórn stýri starfsemi samtakanna í umboði landsfundar en hér er lagt til og í samræmi við þeirra tillögu að bæta við „en ekki einstakra aðildarféлага“. Með þessu er áréttuð trúnaðarskylda stjórnar við Sjálfsbjörg og hennar aðalskylda að vera hennar hagsmunavörður samtakanna og ekki annarra, s.s. aðildarféлага. Sömuleiðis til skýringar og samræmi um skyldur stjórnar og hlutverk hennar ákvæði 1-liðar um skyldu stjórnar til að hafa umsjón með eignum Sjálfsbjargar og gæta hagsmuna samtakanna fært inn í a-liðinn.</p> <p>Sett eru inn ákvæði um heimildir stjórnar til að koma fram út á við fyrir hönd samtakanna og rita firma. Þetta er í samræmi við framkvæmd eins hún hefur verið innan samtakanna og ákvæði 20. gr. laga nr. 110/2021 um félög til almannaheilla.</p>

<p>e. Stjórnarfundur er löglegur ef meirihluti stjórnar situr fund og allir hafa verið sannanlega boðaðir.</p> <p><del>f. Fundartímar stjórnar skulu kynntir á vefsíðu Sjálfsbjargar.</del></p> <p>g. Meirihluti atkvæða stjórnarmanna ræður úrslitum komi til kosninga á stjórnarfundum. Séu atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns.</p> <p><del>h. Stjórn er jafnframt stjórn hjúkrunar og endurhæfingar Sjálfsbjargar.</del></p> <p>i. Stjórn skal boða til eins formannafundar á tímabilinu september – nóvember. Fundinn sitja formenn aðildarfélaga eða fulltrúar þeirra ásamt stjórn Sjálfsbjargar. Efni fundarins eru málefni samtakanna ár hvert.</p> <p>j. Stjórn er jafnframt heimilt að boða til almenns félagsfundar eða málþinga á milli landsfunda ef hún telur ástæðu til. <b>Hvorki sambandsstjórnarfundir né félagsfundir hafa stjórnskipunarvald, en geta samþykkt ályktanir.</b></p>	<p>Nýr lokamálsliður við d-lið:</p> <p>F-liður fellur brott</p> <p>H-liður fellur brott, aðrir liðir uppfærast í samræmi við það:</p> <p>1. málsliður i-liðar hljóði svo: Stjórn skal boða til a.m.k. tveggja formannafunda á tímabilinu september – nóvember. Við i-lið bætist nýir lokamálsliðir sem hljóði svo: Formannafundur hefur ekki stjórnskipunarvald en getur samþykkt ályktanir.</p> <p>Við j-lið bætast svohljóðandi málsliðir: Stjórn er skylt að boða til almenns félagsfundar að kröfu minnst þriðjungs formanna aðildarfélaga Sjálfsbjargar í þeim tilgangi að taka ákveðið mál til meðferðar. Kröfu um félagsfund skal senda stjórn samtakanna skriflega og greina fundarefni. Stjórn skal boða til félagsfundarins án tafar sem skal haldinn innan fjögurra vikna frá boðun. Boða skal til fundarins með netpósti til formanna</p>	<p>Í b-lið er lögð til sú breyting að fækka stjórnarmönnum úr sjö í fimm. Þar sem með lagabreytingatillögum hér er lagt til að ný sjálfstæð stjórn stýri Sjálfsbjargarheimilinu, þ.e. félaginu sem rekur endurhæfingarstarfsemi Sjálfsbjargar, er lögð til fækkun í stjórn samtakanna. Einnig er lagt til að stjórn verði gert skylt að setja sér starfsreglur og þannig mun stjórn Sjálfsbjarga árlega ræða og útfæra nánar með skriflegum reglum skyldur sínar og hvernig hún hagar störfum sínum, Í þessum reglum yrði m.a. fjallað um hlutverk formanns, trúnaðarskyldur, hæfi og stjórnarfundir, þ.á m. undirbúning þeirra, og stjórnarfundir með rafrænum búnaði, sbr. d-lið.</p> <p>Gerð er tillaga um að f-liðurinn fallir brott en ekki verður séð þörf á því lengur að fundartímar stjórnar séu kynntir þar sem stjórn veitir ekki lengur styrki eða annað sem félagsmenn sækja um til hennar.</p> <p>Í samræmi við breytingar á á e-lið 2. gr. og skýringar þar er gert ráð fyrir að h-liðurinn falli brott.</p> <p>Hér er lagt til að í -lið verði lögfest að stjórn skuli boða a.m.k. til tveggja formannafunda í stað eins á tilgreindu tímabili. Er það í samræmi við framkvæmd og til þess fallið að styrkja tengsl aðildarfélaganna við sambandið og lýðræðislega starfshætti og áhrif aðildarfélaganna. Þá er lagður til nýr lokamálsliður um valdsvið formannafundar. Í samræmi við j-lið 16. gr. þar sem kveðið er á um að sambandsstjórnarfundir geti samþykkt ályktanir er hér lagt til að formannafundur geti samþykkt ályktanir. En sambandsstjórnin var aflögð með breytingu á lögnum á landsfundi 21. apríl 2018.</p> <p>Í j-lið er að finna heimild stjórnar til að boða til almenns félagsfundar eða annars félagsfundar en landsfundar sem er aðalfundur samtakanna. Í núverandi ákvæði j-liðar er áréttað að hvorki sambandsstjórnarfundir né félagsfundir hafi stjórnskipunarvald en geti samþykkt ályktanir. Meginregla félagaréttar er að almennir félagsfundir hafa sama valdsvið og aðalfundir að undanskildum hefðbundnum verkefnum aðalfundar. Því er lagt til að ákvæði j-liðar um að almennir félagsfundir hafi ekki stjórnskipunarvald sé fellt brott en svigrúmið til að boða til aukafundar þjónar sem eins konar öryggisventill ef eitthvað sérstakt kemur upp s.s. að kjósa þurfi í stjórn. Þá er einnig lagt til að stjórn sé skylt að boða til almenns félagsfundar að kröfu minnst þriðjungs heildarfjölda formanna aðildarfélaga Sjálfsbjargar í þeim tilgangi að taka ákveðið mál til</p>
---	---	--



<p>k. Stjórn er heimilt að skipa nefndir til að sinna einstökum afmörkuðum verkefnum fyrir Sjálfsbjörg á milli landsfunda og setur þeim starfslýsingu.</p> <p><b>l. Stjórn hefur umsjón með eignum Sjálfsbjargar og gætir hagsmuna félagsins á allan hátt.</b></p> <p>m. Stjórn tilnefnir fulltrúa Sjálfsbjargar til setu á landsfundi ÖBÍ ásamt jafn mörgum til vara. Ákvörðun stjórnar í þessu efni er bindandi.</p> <p>n. Stjórn tilnefnir árlega fyrir landsfund þriggja manna Starfskjaranefnd og skal landsfundur staðfesta tilnefninguna. Nefndin ákveður og uppfærir kjör framkvæmdastjóra, formanns og stjórnarmanna í kjölfar landsfunda.</p> <p>o. Fundargerð skal rita á fundum og skulu þær birtar á vefsíðu félagsins svo fljótt sem verða má.</p> <p>p. Reynt skal að tryggja sem jafnasta kynjaskiptingu í stjórn, nefndum og á skrifstofu Sjálfsbjargar. Jafnframt skal stefnt að því að ekki sé minna en helmingur</p>	<p>aðildarfélaganna og birtingu á vefsíðu Sjálfsbjargar, sbr. 9. gr.</p> <p>L-liður fellur brott og aðrir liðir uppfærast í samræmi við það.</p> <p>N-liður hljóðar svo: n. Stjórn tilnefnir árlega fyrir landsfund þriggja manna Starfskjaranefnd og skal landsfundur staðfesta tilnefninguna. Nefndin ákveður og uppfærir kjör framkvæmdastjóra, formanns og stjórnarmanna <b>Sjálfsbjargar og heilbrigðisþjónustufélagsins skv. e-lið 2. gr.</b> í kjölfar landsfunda.</p>	<p>meðferðar. Hér er um að ræða aukna minnihlutavernd og með hliðsjón af 9. gr. laga um félög til almannaheilla nr. 110/2021 sem kveður á um að minnst tíundi hluti atkvæðisbærra félagsmanna geti krafist aukafundar til að taka ákveðið mál til meðferðar sem stjórn skuli þá án tafar boða til. Þar sem Sjálfsbjörg er félagasamband aðildarféлага er farin sú leið að færa þetta vald til tilgreinds hlutfalls formanna aðildarfélaganna.</p> <p>Varðandi brottfall l-liðar er vísað til breytinga á a-lið þar sem gert er ráð fyrir að reglan færist undir a-liðinn. ákvæðið</p> <p>Í n-lið fellur brott „framkvæmdastjóra“ og við bætist á eftir stjórnarmanna og undan „í kjölfar landsfunda: „Sjálfsbjargar og heilbrigðisþjónustufélagsins skv. e-lið 2. gr.“ að starfskjaranefnd ákveði einnig laun stjórnarmanna heilbrigðisþjónustufélagsins skv. e-lið 1. gr.</p> <p>Í samræmi við breytingar a-lið 17. gr. um að stjórn ákveði laun og starfskjör framkvæmdastjóra er hér í n-lið gert ráð fyrir að starfskjaranefnd fjalli ekki um starfskjör framkvæmdastjóra. Ekkert er þó því til fyrirstöðu að stjórn ráðfæri sig við starfskjaranefnd um starfskjör hans.</p> <p>Þá er hér kveðið á um að starfskjaranefnd ákveði sömuleiðis og uppfæri kjör formanns og stjórnarmanna heilbrigðisþjónustufélagsins um endurhæfingu Sjálfsbjargar, sbr. e-lið 2. gr. og breytingartillögur vegna hennar þ.e. um að henni verði skipuð sjálfstæð stjórn en verði ekki lengur stjórn að sömu stjórn og Sjálfsbjargar, sbr. tillögu um brottfall h-liðar 16. gr..</p>
--	---	--

<p>starfsfólks Sjálfsbjargar hreyfihamlað. Eins skal stefnt að því að hlutfall fulltrúa í nefndum og stjórnnum sé sem jafnast á milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðisins.</p>		
<p><b>17. grein</b> <b>Starfsfólk Sjálfsbjargar</b></p> <p>a. Stjórn ræður framkvæmdastjóra Sjálfsbjargar og gerir við hann ráðningarsamning.</p> <p>b. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á og stýrir daglegum rekstri og fjármálum Sjálfsbjargar. Hann ræður aðra starfsmenn í samráði við stjórn.</p> <p>c. Framkvæmdastjóri getur ekki setið í stjórn Sjálfsbjargar.</p> <p>d. Framkvæmdastjóri skal gera grein fyrir rekstri Sjálfsbjargar og stöðu á stjórnarfundum, landsfundi og hvenær sem stjórn æskir þess.</p> <p>e. Formaður Sjálfsbjargar getur jafnframt verið starfsmaður samtakanna sem slíkur í hlutastarfi. Aðrir stjórnarmenn geta ekki verið starfsmenn samtakanna.</p>	<p>Eftirfarandi breytingar eru lagðar til á a-lið.</p> <p>Seinni hluti málsliðsins „gerir við hann ráðningarsamning“ er felldur brott og í staðinn kemur: „og ákveður laun hans og starfskjör.</p> <p>b. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á og stýrir daglegum rekstri og fjármálum Sjálfsbjargar. <b>Daglegur rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikils háttar.</b> Framkvæmdastjóri ræður aðra starfsmenn. í samráði við stjórn. <b>Framkvæmdastjóri getur komið fram fyrir hönd félagsins í málum sem</b></p> <p>Lagt er til að fyrri málsliður e-liður falli brott og nýr málsliður í lok ákvæðisins. Ákvæðið hljóði þá svo:</p> <p>Stjórnarmenn geta ekki verið starfsmenn samtakanna. Formaður stjórnar skal ekki taka að sér önnur störf fyrir félagið en þau sem teljast eðlilegur hluti starfa hans sem stjórnarformanns, að undanskildum einstökum verkefnum sem stjórn felur honum að vinna fyrir sig. Þóknun fyrir slík verkefni skal ákveðin af starfskjaranefnd.</p>	<p>Félagsstjórn ræður og rekur framkvæmdastjóra. Í samræmi við það er eðlilegt að stjórn ákveði laun hans. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri og í samræmi við það er meginregla almennt í félögum að hann ræður starfsmenn á eigin ábyrgð. Rekstur skrifstofunnar og þar með ráðning starfsmanna heyrir þannig eðli sínu samkvæmt ekki undir valdsvið stjórnar. Í samræmi við meginreglur félagaréttar og 4. mgr. laga nr. 110/2021 um félög til almannaheilla þykir rétt að áréttta varðandi valdsvið framkvæmdastjóra gagnvart stjórn að daglegur rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar, sem eru stjórnarmálefni.</p> <p>Lagt er til að fyrri málsliður e-liðar falli brott og við bætist ákvæði um heimild til að fela formanni stjórnar að taka að sér einstök verkefni fyrir stjórn. Stjórn og þar með formaður eru og eiga ekki að vera starfsmenn á skrifstofu, sbr. aðalreglu 2. málsliðar ákvæðisins, enda með yfirstjórn og eftirlit með framkvæmdastjóra sem ber ábyrgð á daglegum rekstri og þar með starfsemi skrifstofunnar. Þetta útilokar þó þekki sérstök formannaverkefni og greiðslur til hans samkvæmt sérstakri ákvörðun stjórnar sem gert er ráð fyrir að heimiluð séu þarna í ákvæðinu. Áréttað er í lokamálslið að þóknun fyrir slík sérstök formannaverkefni verði ákveðin af starfskjaranefnd, sem er valin af landsfundi, sbr. n-lið 16. gr.</p>

<p>f. Ávallt skal vera til staðar skýr og skrifleg verkaskipting allra.</p>		
<p><b>18. grein</b> <b>Fjármál Sjálfsbjargar</b></p> <p>Fjárhagsgrundvöllur Sjálfsbjargar skal byggður á félagsgjöldum almennra félaga Sjálfsbjargar, framlögum styrktarféлага, meðal annars hollvina, framlögum opinberra aðila, styrkjum, og almennri fjáröflun, eignum og rekstri.</p> <p>Sjálfsbjörg greiðir allan kostnað er tengist rekstri félagsins og skal stjórn setja almennar reglur um greiðsluþáttöku varðandi ferðakostnað og uppihald stjórnarmanna og félagsmanna vegna þátttöku á fundum innan- og utanlands og skal leggja þær til samþykktar á landsfundi.</p>		
<p><b>19. grein</b> <b>Ársreikningur, endurskoðun og reikningsár</b></p> <p>Reikningsleg endurskoðun bókhalds og ársreikninga Sjálfsbjargar skal framkvæmd af löggiltum endurskoðanda. Stjórn ásamt framkvæmdastjóra staðfestir ársreikning Sjálfsbjargar með áritun sinni. Ársreikningurinn skal síðan lagður fyrir landsfund til fullnaðarafgreiðslu. Reikningsár Sjálfsbjargar er almanaksárið.</p>		

<p><b>20. grein</b> <b>Gildistími laga</b></p> <p>Lög þessi eru samþykkt á landsfundi Sjálfsbjargar 2016 og öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi eldri lög Sjálfsbjargar.</p> <p>Þannig samþykkt á landsfundi Sjálfsbjargar þann 1.október 2016.</p> <p>Breytingar á h. lið 16 greinar samþykktar á landsfundi 21. apríl 2018.</p>		
	<p>21. gr. <b>Gildistími laga</b></p> <p>Lög þessi eru samþykkt á landsfundi Sjálfsbjargar 2016 og öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi eldri lög Sjálfsbjargar.</p> <p>Þannig samþykkt á landsfundi Sjálfsbjargar þann 1.október 2016.</p> <p>Breytingar á h. lið 16 greinar samþykktar á landsfundi 21. apríl 2018.</p>	